Mat á fyrra námi eða námi úr öðrum skólum VKL-0131



Sjá nánari lýsingu verkþátta hér neðar

Tilgangur og gildissvið

Tilgangur með verklagsreglunni er að tryggja að skipulegar og samræmdar aðferðir séu notaðar við mat á þekkingu nemenda sem þeir fá metna til eininga við skólann.

Verklagsreglan gildir um allar beiðnir um mat á fyrra námi eða námi úr öðrum skólum sem berast Tækniskólanum.
Ábyrgðir
Ábyrgðaraðili ber **ábyrgð á** að **verklagsreglan s**é uppfærð, henni viðhaldið og að unnið sé samkvæmt henni
Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsfólk í þei**rra skóla /** þeirra deild starfi eftir verklagsreglunni
Starfsfólk ber ábyrgð á að starfa eftir verklagsreglunn**i**

Lýsing verkþátta

1 Skrifstofa - Upplýsir umsækjanda um fyrirkomulag

Skrifstofa fær umsókn og upplýsir umsækjanda um að áður en mat á fyrra námi fari fram þurfi hann að greiða kostnað við matið. Að greiðslu lokinni þurfi viðkomandi að senda kvittun til tskoli@tskoli.is ásamt upplýsingum um fyrra nám. Ekki er metið áður en greitt er.

2 Umsækjandi um mat á námi - Gr**eiðir og sendir gögn á tskoli@tskoli.is**

Umsækjandi um mat á námi greiðir kost**n**að við matið á skrifstofu skólans eða með bankamillifærslu. Að því loknu sendir hann kvittun (ef greitt er með millifærslu) til tskoli@tskoli.is ásamt upplýsingum um fyrra nám.

3 Skrifstofa - Móttekur gögn og flokkar matsbeiðnina

Skri**fstofa móttekur gögnin og flokkar matsbeiðnina.**

4 Skrifstofa - Er beiðnin um mat fyrir meistaraskóla?

Við flokk**un á beiðni skoðar skrifstofa sérstaklega hvort beiðnin** snúi að mati fyrir nám í meistaraskóla.

5 Skrifstofa - Beiðni vísað til skólastjóra Tækniakademíu

Ef beiðni um mat s**nýr að umsókn um nám í meistaraskóla skal skrifstofa vísa beiðnin**ni beint til skólastjóra Tækniakademíu.

6 Skrifstofa - Beiðni vísað til skólastjóra

Öllum beiðnum um mat á námi, öðrum en þeim sem tengj**ast meistaraskóla skal vísa til viðkomandi skólas**tjóra til frekari úrvinnslu.

7 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Skoðar námsferil / innihald náms umsækjanda

Stjórnandi (aðstoðarskólameist**ari eða skólastjóri) fer yfir námsferil umsækjanda um mat á námi og skoðar innihald náms og n**ámstíma.

8 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Vafaatriði/álitamál?

9 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Vísar mati til námsmatsnefndar

Ef um **vafaatriði er að ræða varðandi mat á námi vísar stjórnandi matsbeið**n**inni til námsmatsnefndar. Í námsmatsnefnd sitja fulltrúi áfangastjórnar, fulltr**úi kennara og fulltrúi náms - og starfsráðgjafa.

10 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Fyrra nám innan 10 ára?

Almenna reglan er sú að nám er ekki metið séu liðin 10+ ár síðan því lauk. Undantekning er þó ef fyrra nám le**iddi til starfsréttinda en í þeim tilvikum er nám metið til undanfara fy**rir frekara nám, s.s. fyrir iðnmeistaranám.

11 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Fyrra námi lokið með starfsréttindum?

Hafi fyrra námi lokið með starfsréttindum er námið metið til undanfara fyrir frekara nám, s.s. fyrir iðnmeistaranám.

Dæmi: **Nemandi sem hefur C-réttindi í vélstjórn heldur þeim þó að metið sé að hann þurfi að bæt**a við áföngum sem í dag tilheyra þeim réttindum þegar hann hyggst ljúka D-réttindum.

12 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Metur fyrra nám
Meta skal áfanga á sama hæfniþrep og þeir eru skilgreindir í fyrri skóla/námsbraut nemanda, óháð kennslufyrirkomulagi.

13 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Hafnar umsókn um mat á námi

Ef við á er umsókn hafnað á eftirfarandi forsendum:

*** Námið er** eldra en 10 ára og lauk ekki með starfsréttindum.

14 Aðstoðarskólameistari / skólastjóri - Upplýsir umsækjanda um niðurstöðu

Aðsto**ðarskólameistari/skólastjóri upplýsir umsækjanda um niðurstöðu hvort sem námi**ð var metið eða mati þess sem undanfara frekara náms í Tækniskólanum hafnað. Einnig er viðkomandi umsækjandi upplýstur um að **vilji hann ekki una niðurstöðunni geti hann vísað henni til námsmatsnefndar til frek**ari skoðunar. Umsækjandinn er upplýstur um hvernig hann gerir það og tímamörk. Niðurstöðurnar eru skráðar í Innu hjá viðkomandi nemanda.

15 Umsækjandi um mat á námi – Unir niðurstöðu?

Aðstoðarskólameistari/skólastjóri upplýsir umsækjanda um niðurstöðu hvort sem námið var metið eða mati þess sem undanfara frekara náms í Tækniskólanum hafnað. Einnig er viðkomandi umsækjandi upplýstur um að vilji hann ekki una niðurstöðunni geti hann vísað henni til námsmatsnefndar til fr**ekari skoðunar. Umsækjandinn er upplýstur um tímamörk o**g hvert skuli vísa beðninni. Niðurstöðurnar eru skráðar í Innu hjá viðkomandi nemanda.

16 Umsækjandi um mat á námi - Vísar niðurstöðu til námsmatsnefndar innan 15 daga frá móttöku

Umsækjandi um mat á námi sem unir ekki niðurstöðu aðstoðarskólameistara/skólastjóra vísar niðurstöðunni til námsmatsnefndar. Ef til kemur skal það gert innan 15 daga frá móttöku niðurstöðu með tölvupósti til námsmatsnefndar. Í námsmatsnefnd sitja fulltrúi kennara, fulltrúi námsráðgjafa og fulltr**úi stjórnenda.**

17 Námsmatsnefnd - Skoðar námsferil og kemst að niðurstöðu sem er endanl

Námsmatsnefnd skoðar námsferil umsækjanda um mat á námi og afgreiðir umsóknina. Niðurstaða námsmatsnefndar er endanleg niðurstaða skólans.

18 Námsmatsnefnd - Upplýsir umsækjanda og **stjórnanda um** niðurstöðu

Námsmatsnefnd upplýsir umsækjanda og stjórnanda um niðurstöðu nefndarinnar í tölvupósti. Í tölvupóstinum skal koma fram að niðurstaða nefndarinnar er samk**væmt verklagsreglum skólans endanleg niðurstaða. Niðurstöður nefndarinnar eru skrá**ðar á viðkomandi nemanda í Innu. Námsmatsnefnd heldur fundargerð sem vistuð er í skjalakerfi skólans.